

Fundargerð 34. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.
Fundur haldinn í fundarsal umhverfis- og auðlindaráðuneytisins 16. mars 2017 kl. 14.00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni Norðurlands vestra og höfuðborgarsvæðisins árið 2017
2. Úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Suðurlands - til staðfestingar.
3. Árleg greinargerð stýrihópsins 2016
4. Rafræn umsóknagátt.
5. Brothættar byggðir
6. Önnur mál

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (IRR), Benedikt Árnason (FOR), Björn Helgi Barkason (UAR), Karitas Gunnarsdóttir (MMR), Karl Björnsson (sambandinu), Sigurður Guðmundsson (FJR), Þórarinn V. Sólmundarson, Þór G. Þórarinsson (VEL), Páll Brynjarsson (landshlutasamtökunum) og Stefanía Traustadóttir (IRR) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Anna Katrín Vilhjálmsdóttir (UTN), Helga Haraldsdóttir (ANR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun).

Fundargerð 33. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni Norðurlands Vestra og höfuðborgarsvæðisins 2017

Farið yfir áhersluverkefni Norðurlands vestra sbr. bókun frá síðasta fundi og áhersluverkefni höfuðborgarsvæðisins sem skilað var inn fyrir fundinn. Eftir töluverða umræðu voru verkefni staðfest. Samþykkt að fá stuttar kynningar um áhersluverkefni hvers landshluta á næsta samráðsfundi.

2. Úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

Breytingar á úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs Suðurlands staðfestar en stefnt verður að því að kanna hvernig og þá hvort t.d. úthlutanir og tímafrestir séu almennt sambærilegir milli landshluta með tilliti til jafnræðissjónarmiða. Bréf verði sent út á landshlutasamtökin þar sem óskað verði eftir upplýsingum um hvernig útgreiðslum, tímafrestum og afturköllun styrkja sé háttað

3. Árleg greinargerð stýrihóps 2016

Formaður upplýsti að verið sé að safna samman gögnum, en fjórir af átta landshlutum hafi enn ekki skilað inn fullnægjandi greinargerðum. Ekki er unnt að bera saman upplýsingar fyrr en allar upplýsingar hafa borist.

4. Rafræn umsóknagátt

Samráðsfundur var haldinn í Reykjavík 13. mars sl. með fulltrúum uppbyggingarsjóðanna, stýrihópsins og Prógramms. Farið var yfir tillögu að umsóknargrunni og tekið við athugasemdum. Ánægja ríkir um þá vinnuna og útfærslu á verkefninu.

5. Brothættar byggðir

Sigríður Þórgrímsdóttir og Kristján Halldórsson frá Byggðastofnun komu á fundinn og kynntu verkefnið Brothættar byggðir. Gerð var gein fyrir mati á verkefninu og þeim niðurstöðum til þessa og liggur sú vinna til grundvallar nýrri



verkefnislýsingu og áframhaldandi vinnu við verkefnið. Rætt hvert hlutverk og/eða aðkoma stýrihópsins að einstaka þáttum þessa verkefnis og var lögð áhersla á mikilvægi þess að stýrihópurinn tæki ábyrgð á að tryggja að áherslur og tillögur að aðgerðum sem koma frá íbúum þeirra samfélögum sem taka þátt í verkefnunum Brothættar byggðir nái og fái athygli stjórnvalda. Rætt um samþættingu áætlana eins og sóknaráætlana, byggðaáætlunar, „sérstök“ byggðaátök ríkisstjórna og mikilvægi þess að þessi verkefni öll tali saman.

6. Önnur mál

- a. *Næsti fundur er áætlaður í dymbilviku. Sá fundur fellur mögulega niður.*
- b. *Inn á næsta fund verði kynnt drög að fjármálaáætlun fyrir málefnasvið 8.*
- c. *Spurt um skiptingu fjármagns milli sóknaráætlunar og byggðaáætlunar 2017.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.